

**3353. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
24. september 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1801014 - Fundargerðir 2018 - menningar- og safnanefnd**

60. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 10. september 2018.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**2. 1609101 - Frístundamiðstöð / golfskáli við Garðavöll**

Bæjarráð fól bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins á fundi sínum þann 30. ágúst síðastliðinn. Málið er því lagt fyrir að nýju.

Guðmundur Sigvaldason framkvæmdastjóri og Þórður Emil Ólafsson formaður stjórnar mættu á fundinn.

*Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ganga til viðræðna við forsvarsmenn GL um kaup á vélaskemmu félagsins í samræmi við fasteignamat. Ráðstöfuninni verður mætt með lækku á handbæru fé.*

*Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til gerðar viðauka og endanlegrar staðfestingar í bæjarstjórn.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**3. 1809155 - Seljuskógar 2-4 - Umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Þorvaldar Þorvaldssonar um byggingarlóð við Seljuskóga 2-4. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til umsækjanda.*

**4. 1705014 - Tónlistarskólinn - samstarfssamningur**

Staða samningaviðræðna kynnt.

*Bæjarstjóri kynnti efnislega niðurstöðu viðræðna samningsaðila um áframhaldandi samstarf um rekstur Tónlistarskóla Akraness (TOSKA) en á breyttum kostnaðargrunni.*

*Bæjarstjóra falið að ganga frá og undirrita samning um TOSKA með hefðbundnum fyrirvara um samþykki bæjarráðs.*

**5. 1807099 - Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2018**

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin þann 11. og 12. október næstkomandi á Hilton Reykjavík Nordica.

*Bæjarráð samþykkir að fulltrúar bæjarráðs ásamt bæjarstjóra sækji ráðstefnuna sem og þeir bæjarfulltrúar sem þess óska.*

**6. 1808303 - Fasteignamat 2019**

Tilkynning frá Þjóðskrá Íslands um fasteignamat 2019.

*Lagt fram.*

*Bæjaryfirvöld hafa til skoðunar hvornig horfa eigi til hækkaðs fasteignamats í tekjuforsendum fjárhagsáætlunargerðar líkt og gert var árið 2017.*

*Bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins.*

**7. 1703194 - Starfshópur um framtíðaruppbyggingu á Jaðarsbökkum**

Beiðni starfshóps um frest á að skila inn tillögu um framtíðaruppbyggingu á Jaðarsbökkum.

*Bæjarráð samþykkir að lokaskil á tillögum um framtíðaruppbyggingu á Jaðarsbökkum verði í nóvember 2018.*

**8. 1809165 - Lokun VÍS á útibúum á landsbyggðinni**

VÍS hefur kynnt ákvörðun um að loka útibúum víða á landsbyggðinni.

*Bæjarráð harmar og mótmælir kröftuglega ákvörðun VÍS um lokun starfsstöðva félagsins á landsbyggðinni og skorar á fyrirtækið að endurskoða afstöðu sína.*

Næsti fundur bæjarráðs verður 4. október kl. 08:15 en reglulegur fundur bæjarráðs, sem fyrirhugaður var þann 27. september, fellur niður vegna þátttöku bæjarfulltrúa á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri dagana 27. og 28. september.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:40.**

*Elsa Lára Arnardóttir*

*Valgerður L. Jónsson*

*Rakel Ólafsdóttir*

*Sam Fray Kristjánsson*

*Jenna Aðalbjörn*